



SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga
Landsþing 2020



Efnisyfirlit

Stjórn LH	3
Stjórnarfundir	3
Starfsmenn LH	4
Nefndir LH.....	4
Samstarf við ÍSí	5
COVID-19	6
FEIF þing 2020 í Hveragerði	7
Samstarf Norðurlandanna	8
Samstarf við Horses of Iceland (HOI)	8
Samstarf LH og FHB	9
Sportfengur og LH kappi	10
Skógarhólar	11
Mótahald 2020	12
Landsþing 2022	13
Uppskeruhátið hestamanna 2020	13
Nýliðun / Félagshesthús	13
Stefnumótun LH.....	14
Afreksmál.....	14
Norðurlandamót 2022	16
Flokkaskipting í fullorðinsflokki	16
Endurskoðun laga og reglna LH	16
Trec	17
Ýmis mál á borði stjórnar og skrifstofu	17
Dómarakostnaður	17
Gæðingakeppni erlendis	17
WR-listi í gæðingakeppni	17
Lögleiðing innanhússmóta	18
Öryggismál – Samgöngustofa	18
Menntakerfi LH	18
Þjálfarastig LH	19
Persónuverndarstefna	19
Gullmerki.....	20
Bókhald	20
Reikningar LH	20
Lokaorð	21

Stjórn LH

Aðalstjórn LH 2018-2020

Formaður: Lárus Ástmar Hannesson

Varaformaður: Sóley Margeirsdóttir

Gjaldkeri: Ólafur Þórisson

Ritari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Meðstjórnendur:

Ágúst Hafsteinsson

Eggert Hjartarsson

Stefán Logi Haraldsson

Varastjórn LH 2018-2020

Lilja Björk Reynisdóttir

Þórdís Arnardóttir

Rósa Birna Þorvaldsdóttir

Siguroddur Pétursson

Ómar Ingi Ómarsson

Stjórnarfundir

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 33 stjórnarfundir. Haldnar voru tvær vinnuhelgar stjórnar, sú fyrri í Stykkishólmi helgina 6.-7. desember 2018, sú síðari á Hvolsvelli helgina 22.-23. nóvember 2019. Á vinnuhelgum gefst rýmri tími til að fjalla ítarlega um mál sem eru í brennidepli og skilar sú vinna miklum árangri. Varamenn eru ávallt boðaðir á stjórnarfundum. Af 17 stjórnarfundum sem haldnir hafa verið á árinu 2020 hafa 13 verið haldnir með fjarfundabúnaði.

Stjórn og skrifstofa eru í góðum tengslum og samskiptum við aðildarfélögin, bæði gegnum tölvupóst og á facebook-grúppu formanna hestamannafélaga og er það góð leið til að koma upplýsingum til félaganna. Síðast liðið ár hafa starfsmenn og stjórn sett 69 færslur inn í hópinn eða ríflega eina á viku. Einnig eru settar fréttir á heimasíðu LH og þá eru send út fréttabréf reglulega. Mörg félög deila svo póstunum á sínar síður þannig að skilaboðin komast til félagsmanna ef þurfa þykir. Formenn félaganna og hestamenn hafa einnig verið duglegir að hafa samband og jafnvel kíkja við á skrifstofunni sem er opin frá 9 til 16 virka daga.

Í byrjun árs var ráðist í endurbætur á skrifstofu LH ásamt tiltekt í geymslum. Mikið verk var að flokka gömul gögn og heimildir og koma þeim í aðgengilegt horf. Einnig var húsbúnaður og fundaraðstaða endurnýjuð og er nú vinnuaðstaða á skrifstofunni til fyrirmyndar.



Skrifstofuaðstaða LH í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Starfsmenn LH

Nokkrar starfsmannabreytingar hafa verið á skrifstofu LH, framan af ári voru þrír starfsmenn í samtals 270% starfshlutfalli. Stjórn nýtti sér úrræði stjórnvalda um hlutabætur á meðan slíkt stóð íþróttahreyfingunni til boða og voru þá tveir af þremur starfsmönnum í 50% starfshlutfalli. Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir var ráðin í hlutastarf sem verkefnastjóri afreksmála í október 2019 en hún lét af störfum í október 2020.



Starfsmenn LH 2020: Hjörný, Vilfríður og Berglind

Frá 1. nóvember eru tveir starfsmenn á skrifstofu í samtals 180% starfi, þær Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri og Hjörný Snorradóttir verkefnastjóri.

Þjálfarar LH eru ráðnir sem verktakar og eru núna í starfi tveir landsliðsþjálfarar, þau Sigurbjörn Bárðarson A-landsliðsþjálfari og Hekla Katharína Kristinsdóttir U21-landsliðsþjálfari. Til viðbótar verða svo sjö þjálfarar í Hæfileikamótun frá áramótum og fram á vor.



Sigurbjörn og Hekla landsliðsþjálfarar LH

Nefndir LH


Fastanefndir LH eru 9 talsins, það eru aganefnd, keppnisnefnd, laganefnd, landsliðsnefnd, mannvirkjanefnd, menntanefnd, ferða- samgöngu og öryggisnefnd, tölvunefnd og æskulýðsnefnd. Skýrslur nefnda má finna á vef LH undir gögnum landsþings

<https://www.lhhestar.is/is/um-lh/landstthing/landstthing-2020>

Að auki voru, skv. samþykktum á landsþingi 2018, skipaðir tveir starfshópar. Annars vegar hópur um gæðingafimireglur með það að markmiði að lögleiða gæðingafimi sem sérstaka keppnisgrein innan LH og hins vegar var skipaður hópur til að endurskoða reglur um Íslandsmót og hefja þau til vegs og virðingar. Báðir starfshópar skiluðu af sér mikilli og góðri vinnu sem endaði í tillögum sem liggja fyrir landsþingi.

Nefndadagur er haldinn árlega en þá koma nefndarmenn saman og fara yfir stöðu verkefna í nefndum. Nefndirnar skila skýrslum sem eru aðgengilegar á vefsvæði landþingsins en þar er hægt að sjá hver staða verkefna er í hverri nefnd. Vegna óveðurs þurfti að fresta nefndadeginum tvisvar en hann var svo loks haldinn í febrúar.

Samstarf við ÍSÍ



LH er fjórða stærsta sérsamband innan ÍSÍ með um 12.500 iðkendur. Skrifstofa LH er í húsnæði ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Eins og önnur sérsambönd þiggur LH ýmiskonar styrki og framlög í gegnum ÍSÍ:


- Lottótekjur**
Íslensk getspá hefur skilað eigendum sínum, íþróttahreyfingunni, hærri tekjum en undanfarin ár. Tekjur LH vegna lottósölu á þessuári er um 1.000.000 kr. á mánuði. Vegna góðrar sölu í lottóleikjum á árinu var greidd út aukagreiðsla í október sem samsvarar tveggja mánaða tekjum.
- Útbreiðslustyrkur**
Á hverju ári er greiddur útbreiðslustyrkur sem er um 17% hluti af lottógreiðslum til ÍSÍ frá Íslenskri getspá sem skiptist milli sérsambanda og íþróttahéraða. Í upphafi árs var áætlaður útbreiðslustyrkur til LH 2020 rúmar tvær milljónir kr., en sú tala er endurskoðuð í lok árs.
- Ríkisstyrkur til reksturs skrifstofu**
ÍSÍ úthlutar sérsamböndum ríkisstyrk til reksturs skrifstofu. Á árinu 2020 er ríkisstyrkur LH 3.500.000 kr.
- Afrekssjóður**
Afrekssjóður úthlutar styrkjum í samræmi við kostnaðaráætlun hvers sérsambands fyrir afreksmál ársins. Áætlaður styrkur afrekssjóðs til LH fyrir árið 2020 er 8.800.000 kr. Sú fjárhæð verður tekin til endurskoðunar í lok árs með tilliti til verkefnastöðu ársins.
- Fjárhagslegur styrkur ÍSÍ v. Covid**
Á vordögum kynnti ÍSÍ aðgerðir stjórnvalda til styrktar íþróttahreyfingunni. Fyrst var farið í almenn úrræði þar sem úhlutað var styrkjum til íþróttafélaga og síðan var kynnt sértækt úrræði þar sem aðilar innan íþróttahreyfingarinnar gátu sótt um styrk vegna fjárhagslegs tjóns vegna viðburða sem féllu niður. Nokkur hestamannafélög hlutu úthlutun úr þessum sjóði þ.á.m. hlutu hestamannafélögin sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni vegna frestunar Landsmóts 2020 alls 8.000.000 kr. í styrk. Á næstu dögum verður kynnt næsta úrræði stjórnvalda til styrktar

íþróttahreyfingunni. Þar er m.a. verið að auka frístundastyrk til tekjuminni heimila og einnig verður styrkur vegna launakostnaðar íþróttafélaga og sérsambanda.

COVID-19

Starfsárið hefur einkenst af viðbrögðum vegna COVID-19. Íþróttahreyfingin öll hefur þurft að bregðast við og aðlaga starfsemi sína síendurtekið vegna sóttvarnaraðgerða stjórnvalda. Það hefur reynst afar þýðingarmikið fyrir LH að vera innan raða ÍSÍ í öllum þeim aðgerðum sem hefur þurft að grípa til vegna Covid og hafa þann stuðning sem íþróttahreyfingin er. Fjarfundir með íþróttahreyfingunni vegna Covid-19 eru haldnir reglulega og eru nú orðnir 17 talsins, sá fyrsti var 11. mars.

Skilyrði fyrir því að íþróttir megi eiga sér stað í heimsfaraldri er að sérsambönd hafi uppfærðar sóttvarnareglur í gildi, sem ÍSÍ og sóttvarnaryfirvöld þurfa að samþykka. Með hverri nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra um sóttvarnir gefur ÍSÍ, í samvinnu við sóttvarnaryfirvöld, út nýjar sóttvarnareglur sem hvert sérsamband þarf að aðlaga sína íþrótt að og fá samþykktar. Fyrstu sóttvarnareglur fyrir hestaíþróttir voru samþykktar 19. ágúst og hafa sóttvarnareglur LH nú verið uppfærðar sjö sinnum síðan fyrstu reglur voru gefnar út.



LH hefur þrisvar sent beiðni til sóttvarnaryfirvalda um undanþágu frá sóttvarnareglum um opnun reiðhalla fyrir almenning og undanþágu frá áhorfendabanni, en jafn oft fengið synjun. Gildandi sóttvarnareglur eru aðgengilegar á vef LH: <https://www.lhhestar.is/is/covid>.

Hestamenn hafa staðið vel saman í gegnum þennan skafl sem við erum vonandi að verða komin í gegnum.

Viðburðir sem féllu niður vegna COVID-19

- Allra sterkustu 15. apríl
- Landsmót 6. -11. júlí 2020
- FEIF Youth-Cup 18.-26. júlí 2020
- Norðurlandamót 27. júlí –2. ágúst 2020
- Íslandsmót 12.-16. ágúst 2020
- Landsþing fært í fjarfund
- Uppskeruhátíð hestamanna 2020

FEIF þing 2020 í Hveragerði



Forseti FEIF ávarpar þinggesti í Hveragerði

FEIF þingið 2020 var haldið í Hveragerði í byrjun febrúar. Fulltrúar Íslands í nefndum FEIF eru Hulda Gústafsdóttir og Olil Amble í keppnisnefnd, Helga Björg Helgadóttir í æskulýðsnefnd, Sveinn Ragnarsson í menntanefnd, Þorvaldur Kristjánsson í kynbótanefnd og Eggert Hjartarson í leisure riding nefnd. F.h. LH sátu þingið Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri og formaður keppnisnefndar LH, Karen Woodrow formaður æskulýðsnefndar LH, Mette Mannseth formaður menntanefndar LH ásamt starfsmönnum LH.



Heimsókn FEIF-gesta á Sumarliðabæ

Meistaradeildin bauð þinggestum á upphafskvöld Meistaradeildarinnar í TM-höllinni í Víðidal þar sem keppt var í fjórgangi. Í tilefni af 70 ára afmæli LH bauð LH til hátíðarkvöldverðar í Rangárhöllinni með viðkomu á Sumarliðabæ í Rangárvallasýslu til að skoða þá einstöku aðstöðu sem þar hefur verið byggð. Almenn ánægja var meðal þinggasta með framkvæmd þingsins og þá viðburði sem þeim var boðið á og fékk LH miklar þakkir f.h. þeirra sem skipulögðu dagskrána.

FEIF þingið 2021 verður sniðið að aðstæðum þannig að Delegates Assembly verður haldið í fjarfundi um miðjan febrúar en Annual meetings hefur verið frestað fram í október til að freista þess að þingfulltrúar geti hist á fundi í Noregi.

Samstarf Norðurlandanna

Formenn Íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC (Nordic Icelandic Horse Collaboration). Fundað hefur verið reglulega í kringum stóra viðburði eins og FEIF þing, Norðurlandamót, Icehorse Festival í Danmörku og á HM. Í apríl var það á borði NIHC að taka ákvörðun um að aflýsa Norðurlandamóti sem halda átti í Svíþjóð í ágúst og var fundað stíft í fjarfundum vegna þess.

Samstarf við Horses of Iceland (HOI)

Samstarf við Horses of Iceland hefur verið gott og hefur skilað góðum verkefnum fyrir LH. Í febrúar framlengdi Atvinnuvegaráðuneytið samstarfssamningi um HOI verkefnið um 18 mánuði, framlengingunni fylgir 19.000.000 kr. fjárframlag frá ráðuneytinu. Stjórn LH samþykkti að framlag LH í verkefnið yrði óbreytt árið 2020 eða kr. 3.000.000. Hlutur hestamannafélaga í HOI verkefninu er þar af um 2.200.000 á árinu og er LH því að leggja verkefninu um 800.000 kr. umfram framlög hestamannafélaganna.

Samfélagsmiðlaherferð – samfélag íslenska hestsins



LH og HOI fóru í samstarf við hestamannafélögin til að hefja átak í því að fjölga félögum í hestamannafélögum. Fengin var auglýsingastofa til að vinna herferð sem gekk á samfélagsmiðlum HOI og LH og var einnig afhent hestamannafélögum til að nýta á sínum vefsvæðum.

Dagur Íslenska hestsins

Dagur íslenska hestsins hefur verið haldinn 1. maí með ýmsum viðburðum á vegum hestamannafélaga um land allt. Í ljósi aðstæðna var hann ekki haldinn þetta árið í staðinn hélt HOI ljósmyndsamkeppni á samfélagsmiðlum sínum við góðar undirtektir. Tæplega 700 myndir voru sendar inn og um 9000 manns tók þátt í kosningu um þær.

Samstarf LH og FHB

Landsmót ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda. Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Lárus Ástmar Hannesson og Ólafur Þórisson f.h. LH, Sveinn Steinarsson f.h. FHB, Ágúst Hafsteinsson er varamaður.

LM ehf. sótti um, og fékk, styrk úr Stofnverndarsóði íslenska hestakynsins til að standa straum af kostnaði við kaup á myndbandsupptökum af kynbótasýningum þeirra 170 hrossa sem hefðu unnið sér rétt til þátttöku í kynbótasýningum á Landsmóti 2020, hefði Landsmót verið haldið. Þetta var gert til að tryggja samfellu á skráningu sögu kynbótahrossa í WorldFeng.

LM ehf. hefur nú sett í WorldFeng upptökur af öllum landsmótum frá 1954 til 1986 og frá árinu 2000 ásamt landssýningu kynbótahrossa 2020.

Hestamannafélögum býðst að kaupa aðgang að myndböndunum fyrir sína félagsmenn fyrir 350 kr. á ári fyrir hvern félagsmann 18-69 ára, en almennur aðgangur kostar annars 4.990 á ári fyrir hvern notanda. 21 hestamannafélag hefur þegar keypt aðgang fyrir sína félagsmenn, ásamt Félagi hrossabænda.

LM ehf. undirritaði samning við Hestamannfélagið Sprett um landsmót 2022 í byrjun febrúar. Við frestun landsmóts 2020 var samið um að fresta öðrum mótum um tvö ár líka þannig að landsmót í Spretti verður haldið 2024.



Undirritun samnings um LM2024 á Kjóavöllum

Auglýst var eftir umsóknum um landsmót 2024, sem var yfirfært á 2026. Þrjár umsóknir bárust og var ákveðið að ganga til samninga við Hestamannafélagið Skagfirðing. Voru samningar undirritaðir 21. nóvember sl.



Undirritun samnings um LM2016 á Hólum

Sportfengur og LH kappi

Sportfengur í útrás

Samningur við Svía og Norðmenn um notkun Sportfengs er á lokametrinum. Samningurinn er gerður til fimm ára og er mikill fengur að fá þessi lönd til að innleiða SportFeng í sitt mótahald. Í lok árs 2019 var gefin út ensk útgáfa af Sportfeng.

Nokkur félög hafa nýtt Sportfeng til að halda utan um skráningu á námskeið og er gjaldskrá fyrir námskeiðaskráningar í endurskoðun.



Samstarfi LH við fyrirtækið Anitar lauk á árinu og var samið við fyrirtækið Bonsai til að sjá um forritun á Kappa. Yfirfærsla átti sér stað á vormánuðum og um leið var sett í loftið uppfærsla til að tryggja að appið virki á nýjustu stýrikerfum síma. Þetta reyndist afar kostnaðarsöm aðgerð og verið er að velta upp hugmyndum um hvernig hægt sé að fjármagna appið til að tryggja notendum þjónustu. Stjórn hefur samþykkt á fundi sínum að í næstu uppfærslu þurfi notendur að greiða hóflegt gjald fyrir aðgang að appinu og er verið að undirbúa forritun til þess. Einnig er búið að forrita appið þannig að hægt sé að setja auglýsingar inn og þannig geta mótshaldarar nýtt appið sem glugga fyrir sína styrktaraðila.

Skógarhólar



Skógarhólar með nýju þaki

Haustið 2019 var stofnaður félagsskapur „Vina Skógarhóla“ sem er hópur sjálfbóðaliða sem hefur það að markmiði að vinna að uppbyggingu og endurbótum á Skógarhólum. Í upphafi árs var Eggert Hjartarson stjórnarmaður LH ráðinn sem staðarhaldari á Skógarhólum og hefur verið tengiliður stjórnar í rekstri og uppbyggingu á Skógarhólum. Eggert hefur lyft grettistaki í viðhaldi á húsinu og allri aðstöðu á Skógarhólum. Girðingar, hlið og vatnslagnir í næturhólfum voru lagfærð, eldhúsið og salernisaðstaðan voru tekin í gegn, dýnur endurnýjaðar í herbergjum og síðast en ekki síst var skipt um þak á húsinu. Að þessari miklu vinnu kom hópur sjálfbóðaliða sem lagði nótt við nýtan dag og vann stórvirki á stuttum tíma. LH kann þeim bestu þakir fyrir.



Eggert Hjartarson staðarhaldari á Skógarhólum

Með uppbyggingu á Skógarhólum opnast möguleikar á að auka nýtingu félagsmanna á staðnum til dæmis með því að bjóða æskulýðsstarfi hestamannafélaga að nýta sér aðstöðuna. Einnig eru hugmyndir um að koma upp TREC-braut á svæðinu.

Skógarhólar eru samofnir sögu LH og því er mikilvægt fyrir okkur hestamenn að hlúa vel að staðnum og umgjörð hans.

Í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu í vor ákvað LH að bjóða félagsmönnum hestamannafélaga góðan afslátt af gistingu á Skógarhólum sem hlaut góðan hljómgrunn meðal hestamanna. Var nýtingin á staðnum með ágætum í sumar ef frá eru talin ferðaþjónustufyrirtæki sem hafa haft fasta viðkomu þar undanfarin ár.

Fyrir liggur endurnýjaður leigusamningur við Þingvallanefnd til 10 ára.

Mótahald 2020

Segja má að þrátt fyrir að mótahald hafi mikið gengið úr skorðum á árinu hafi heldur ræst úr með vorinu og fram á mitt sumar og voru skráningar með besta móti.

Íslandsmót barna og unglinga 2020 var haldið af Hestamannafélaginu Sleipni á Brávöllum á Selfossi dagana 19. til 21. júlí. Reykjavíkurmestaramót Fáks var haldið í lok júní með metskráningum eða um 900 talsins. Alls voru haldin um 90 mót þar sem Sportfengur var notaður, með um 7500 skráningum alls.



Nokkuð hefur borið á að mótsskýrslur séu seint staðfestar í Sportfeng og víða er pottur brotinn í frágangi á mótsskýrslum. Tryggja þarf að vel sé gengið frá mótsskýrslum, þær séu staðfestar strax í lok móts og að allir sem eiga að samþykka skýrsluna geri það sjálfir en ekki að einn aðili samþykki fyrir alla.

Landsþing 2022

Landsþing 2020 átti að halda í Skagafirði um miðjan október en í lok ágúst tóku stjórn LH og stjórn Hestamannafélagsins Skagfirðings þá sameiginlegu ákvörðun að í ljósi aðstæðna yrði landsþing ekki haldið í Skagafirði í þetta sinn. Skagfirðingar bjóðast í staðinn til að halda landsþing 2022.

Uppskeruhátíð hestamanna 2020

Uppskeruhátíð hestamanna verður ekki haldin árið 2020. Til stendur að veita knapaverðlaun fyrir árið 2020 með öðrum hætti en vanalega og hefur valnefnd skilað sínum tilnefningum til stjórnar.

Nýliðun / Félagshesthús

Mikil áhersla hefur verið á að efla nýliðun innan hestamennskunnar og var m.a. á formannafundi 2019 málstofa um nýliðun. Nokkur hestamannafélög eru með svokölluð félagshesthús en það eru hestamannafélögin Fákur, Sprettur, Sörli og Hornfirðingur. Þar geta börn og unglingar leigt aðstöðu og tekið sín fyrstu skref í hestamennsku. Hafa félagshesthúsin reynst skila nýliðun inn í hestamennskuna. Samantekt um rekstrarform og starfsemi félagshesthúsanna var send á formenn hestamannafélaga og er aðgengileg á vefsvæði LH <https://www.lhhestar.is/is/aeskan/felagshesthus-hestamannafelaga-1>



Áhugasamir krakkar í félagshesthúsi Fáks

Vel hefur gefist til eflingar nýliðunar að koma hestavali inn í grunnskólana. Það er gert í samvinnu við hestamannafélögin. Kennt er mjög þétt og kennsluskyldan tekin líkt og um reiðnámskeið sé að ræða. Þessi aðferð hefur m.a. gefist vel á Snæfellsnesi. Lesa má nánar um fyrirkomulagið á heimasíðu LH: <https://www.lhhestar.is/static/files/hestaval-i-grunnskola-grundarfjardar-i-november-2020.pdf>

Hestamannafélögin eru sífellt að starfa beint eða óbeint að nýliðun til dæmis með öflugum æskulýðsstarfi eins og sjá má á æskulýðsskýrslum félaganna sem eru á vefsíðu LH: <https://www.lhhestar.is/is/aeskan/aeskulydsskyrslur/2020>

Stefnumótun LH

Hafin var stefnumótunarvinna í lok árs 2019 og til stóð að stjórn færi í fundarferð um landið með vorinu til að taka púlsinn á aðildarfélögum um allt land. Vegna aðstæðna varð ekki úr þeirri fundarferð.

Afreksmál

Afrekssjóður ÍSÍ

Í október 2018 var LH tilkynnt að sambandið hefði verið fært niður um styrkleikaflokk hjá Afrekssjóði og var komið í C-flokk þróunarsambanda í afreksmálum. Í kjölfarið hófst vinna við að endurskoða afreksstefnuna. Vinnan var leidd af landsliðsnefnd og starfsmönnum auk þess sem stjórn og formaður fóru yfir og unnu í verkefninu. LH gjörbreytti áherslum á afreksstarfi í heild hjá sambandinu sem skilaði eftirminnilegum árangri á árinu 2019.

Í lok árs 2019 var LH tilkynnt að sambandið hefði aftur verið fært upp í B-flokk alþjóðlegra sérsambanda.

B	KRA – Kraftlyftingasamband Íslands	15.000.000
	BSÍ – Badminton samband Íslands	12.100.000
	ÍHÍ – Íshokkisamband Íslands	12.000.000
	JSí – Júdósamband Íslands	10.550.000
	SKY – Skyllingasamband Íslands	10.500.000
	BLÍ – Blaksamband Íslands	10.400.000
	DSÍ – Dansípróttasamband Íslands	10.250.000
	STÍ – Skotípróttasamband Íslands	9.750.000
	KLÍ – Keilusamband Íslands	9.217.500
	LH – Landssamband hestamannafélaga	8.800.000
	KAÍ – Karatesamband Íslands	7.025.000

Úthlutun til B-sambanda úr afrekssjóði 2020

B-sambönd afrekssjóðs þurfa m.a. að hafa starfsmenn í afreksmálum á ársgrunni, vera með öflugum hæfileikamótun og einstaklinga innan sinna raða sem talið er að geti komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttagrein, hafa gildandi afreksstefnu til fjögurra ára og tveggja ára aðgerðaráætlun hið minnsta og við mat innan flokksins er sérstaklega horft til umfangs alþjóðlegrar þátttöku og afrekslista viðkomandi greinar.

Það hefur því orðið mikil breyting á afrekstarfinu síðustu árin. Allt frá því að landsliðið var einungis starfrækt rétt í kringum HM og NM í að stofnaður var afrekshópur 2015 sem varð U21-landsliðið. Tveir landsliðshópar starfræktir allt árið auk hæfileikamótunar fyrir yngstu knapana okkar.

Það sem hefur verið verulega eflandi í afreksstarfinu eru þær mótaraðir sem eru víða um land. Stjórn vill sérstaklega þakka forsvarsmönnum Meistaradeildar Líflands og æskunnar, Meistaradeild ungmenna og Meistaradeildarinnar, auk allra hinna deildanna um allt land.

Afreksstefna

Drög að afreksstefnu LH var lögð fyrir formannafund 2019 og er til samþykktar á þessu landsþingi. Hana má nálgast á vef LH:

<https://www.lhhestar.is/static/files/Landsting/2020/afreksstefna-lh-2020-2024.pdf>

Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Hæfileikamótun LH var í fyrsta sinn starfandi árið 2020. Markmiðið er að ná til ungra knapa víðsvegar um landið og byggja þau upp sem keppnisknapa í fremstu röð. Hóparnir eru staðsettir eftir landshlutum til að tryggja aðgengi efnilegra unglinga um allt land.

Tilgangurinn með hæfileikamótun er að byggja upp afreksknapa til framtíðar og ná samfelli í afreksstarfið allt frá unglingaflokki upp í fullorðinsflokk.

Stjórn ásamt verkefnastjóra afreksmála skipulögðu uppbyggingu hæfileikamótunar fyrsta árið en verkefnið fluttist svo yfir til landsliðsnefndar þar sem það er eitt af hlutverkum hennar skv. afreksstefnu.

Vel þótti takast til með Hæfileikamótun árið 2020 og núna er opið fyrir umsóknir fyrir árið 2021.

Landsliðshópar LH



U21-landsliðshópur LH 2020

Í lok janúar voru kynntir nýir A-landsliðs og U21-landsliðs hópar LH í Líflandi. Markmið hópanna var undirbúningur fyrir NM 2022 en ákvörðun var tekin í apríl um að NM yrði ekki haldið.

Landsliðshópar fyrir árið 2021 voru kynntir í lok október og framundan er metnaðarfullt starf og undirbúningur fyrir HM 2021 í Herning í ágúst.

Norðurlandamót 2022

Norðurlandamótið 2022 verður haldið í Finnlandi. Mikilvægt er að mótið sé haldið til skiptis í þeim löndum sem hægt er að halda mótið, þ.e. Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Samnorrænn starfshópur innan NIHC setti saman ítarlegar reglur fyrir mótshaldara Norðurlandamóts þar sem settar eru fram þær kröfur sem gerðar eru til mótsstaða varðandi keppnisaðstöðu, aðbúnað og þjónustu. Fulltrúar LH í hópnum voru Sigurbjörn Bárðarson og Hjörný Snorradóttir.

Flokkaskipting í fullorðinsflokki

Á landsþingi 2018 var keppnisnefnd falið að koma með tillögu að flokkaskiptingu í fullorðinsflokki. Niðurstaða keppnisnefndar er eftirfarandi:

„Keppnisnefnd telur að sú lausn sem kom á síðasta þingi (2018) um að möguleiki væri að keppa í öllum keppnisgreinum í hverjum styrkleikaflokki hafi leyst það vandamál sem komið var. Mótshaldarar hafa nýtt sér þetta og boðið upp á fleiri greinar í meistarflokki og fleiri greinar í 1. flokki opinn flokkur. Þannig hafa knapar getað keppt bæði með reynda keppnishesta og óreynda keppnishesta í sama styrkleikaflokki. Hvetur keppnisnefnd LH móthaldara að hafa fjölbreytt mótahald og ekki þurfi ávallt að bjóða uppá allar greinar á sama mótinu.“

Endurskoðun laga og reglna LH

Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH

Útgáfa 2020
(breytingar af FEIF-þingi 2018 og 2019 í viðauka)



Á landsþingi 2018 var ákveðið að fara í vinnu við að endurskoða lög og reglur LH. Laganefnd var falið að vinna að heildarendurskoðun laganna og samræmingu á þeim við núgildandi reglur FEIF. Þessi vinna er vel á veg komin og stefnt er á að kynna afrakstur hennar fyrir aðildarfélögum á formannafundi 2021.

Kveikjan að þessari vinnu er sú staðreynd að nokkuð hefur borið á ósamræmi milli reglna FEIF og núverandi reglna LH um íþróttakeppni, sem fram koma í 8. kafla laganna. LH hefur í gr. 8.1. í núverandi lögum, skuldbundið sig til að fara eftir FIPO reglum vegna „viðburða“ sem varða íslenska hestinn. FIPO reglunum var breytt á árinu 2016 við heildarendurskoðun á reglum FEIF og komu reglur FEIF þá í staðinn fyrir FIPO reglunum, sem voru lagðar niður í þáverandi mynd og eru ekki lengur í gildi. Talsverðar breytingar voru gerðar á lögum þegar FEIF reglurnar tóku við af FIPO, kannski ekki svo miklar efnislega, en uppbyggingu laganna var gjörbreytt. Vegna þessa eru núverandi reglur 8. kafla laga LH orðnar nokkuð

frábrugðnar nógildandi reglum FEIF a.m.k. að því er varðar uppsetningu, en einnig er nokkuð um efnislegt ósamræmi. Líkt og í reglum FEIF verða lög LH aðskilin frá reglum LH.

Trec

Á landsþingi 2018 var samþykkt að LH standi fyrir fræðslu til hestamannafélaganna um TREC og bjóði uppá sérstakt námskeið til einstaklinga sem vilja taka að sér þjálfun á TREC fyrir hestamannafélögin.

Anna Sonja Ágústsdóttir úr Hestamannafélaginu Funa var fengin til að miðla reynslu sinni af að halda TREC námskeið og TREC keppnir. Haldinn var fyrirlestur í september þar sem bæði var boðið upp á að mæta og fylgjast með í streymi. Upptaka af fyrirlestrinum er aðgengileg í tveimur hlutum á youtube-rás LH:

<https://studio.youtube.com/video/qOXSA9YgFQ/edit>
<https://studio.youtube.com/video/B9VWCEyKGHk/edit>

Ýmis mál á borði stjórnar og skrifstofu

Dómarakostnaður

Erindi bárust á borð stjórnar í júní frá Hestamannafélaginu Geysi varðandi dómarakostnað við mótahald og hækkun á kostnaði við íþróttadómara á árinu. Fundað var með forsvarsmönnum dómarafélaganna vegna málsins og voru aðilar sammála um að kostnaður við dómgæslu verði að vera viðráðanlegur fyrir mótshaldara. Einnig barst erindi frá Hestamannafélögunum Freyfaxa og Blæ á Austfjörðum í október þar sem þau lýsa stöðu lítilla félaga úti á landi sem eiga erfitt með að standa undir kostnaði við að halda lögleg mót, þ.e. hafa þrjá dómara, vegna kostanaðar við ferðir og uppihald. Verkefnið framundan er að finna leiðir til að leysa þessi mál.

Gæðingakeppni erlendis

Í september var stofnaður starfshópur með fulltrúum GDLH, LH og FEIF til að samþætta áherslur í gæðingakeppni og auka samstarf milli landa. Til athugunar er hvaða möguleikar eru á frekari útbreiðslu gæðingakeppni í samstarfi við FEIF.

WR-listi í gæðingakeppni

Gæðingadómarafélag Íslands stóð fyrir því að koma á laggirnar WorldRanking lista í gæðingakeppni í samstarfi við stjórn LH.

WorldRanking gæðingamót þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði: Þurfa tveir af fimm dómurum að vera með Landsdómararéttindi. Almennt þarf einn þeirra að hafa fasta búsetu í öðru landi en undanþága er veitt fyrir því árið 2020. Allir hestar sem taka þátt í keppni á WorldRanking móti skulu vera rétt skráðir í WorldFeng. Röðunin sjálf er ekki háð hestinum en einkunnir hestanna munu verða tengdir þeim í WorldFeng.

Röðun í hverri grein er byggð á meðaltali tveggja bestu einkunna knapa. Betri eða jafngóður árangur kemur í stað eldri einkunna. Allur árangur er gildur í tvö ár frá síðasta degi móts þar sem árangur náðist (að sömu dagsetningu tveimur árum seinna en ekki að meðaltalinni). Þar sem röðunin er byggð á áframhaldandi kerfi (árangur gildir í tvö ár) er aldrei nein lokaröðun.

Haldin voru þrjú WR mót í gæðingakeppni á Íslandi sumarið 2020. WorldRanking listi í gæðingakeppni er aðgengilegur á heimsíðu LH

<https://www.lhhestar.is/is/keppni/wr-listi-gaedingakeppni>

Lögleiðing innanhússmóta

Á síðustu árum hefur innanhússmótum yfir vetrartímann fjölgað verulega. Margskonar deildir eru í gangi víða um land. Árangur á þessum mótum/mótaröðum hafa ekki verið tekin til mats á árangri knapa þegar árin hafa verið gerð upp, allavega ekki til tilnefningar sem knapi ársins hjá LH. Það er þó staðreynd að styrkleiki þessara móta er mikill og góður árangur í t.d. Meistaradeildinni og öðrum sterkum deildum sem notast við 5 dómara er mikið afrek. Mörg félög hafa horft til árangurs á innimótum við viðurkenningu sinna knapa þó svo LH hafi ekki talið það rétt. Ástæða þess að mótaráðirnar hafa ekki verið teknar til mats er að þau teljast ekki lögleg vegna stærð valla. Að öðru leiti hefur verið farið eftir þeim reglum sem notast er við í löglegum keppnum. Mjög algengt er í öðrum íþróttagreinum að reglur séu mismunandi eftir því hvort keppt er innandyra eða utandyra. Stjórn LH sendi í maí erindi á stjórnir helstu mótaráðanna, með beiðni um álit á því hver stærð vallar þurfi að vera að lágmarki til að mót geti talist „löglegt“ innimót. Keppnisnefnd var í kjölfarið falið að útfæra tillögu að reglu um löglegt innanhússmót sem liggur fyrir þessu þingi.

Öryggismál – Samgöngustofa

Faghópur um umferðaröryggi hestafólks var skipaður sl. vor. Í þessum faghópi eru Hjörný Snorradóttir f.h. LH, Dagný Bjarnadóttir formaður reiðveganefndar Fáks, Jelena Ohm frá HOI, Begga Rist frá ferðajónustufyrirtækinu Íslenska hestinum, Halldór Halldórsson formaður ferða- og samgöngunefndar LH, Katrín Halldórsdóttir frá Vegagerðinni, Jón Kjartan Ágústsson frá Samtökum sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu, Einar Magnússon og Hildur Guðjónsdóttir frá Samgöngustofu.

Hugmyndin er að útbúa fræðslu- og kynningarefni sem ætlunin er að nota í forvörnum gegn þeirri slysaættu sem getur skapast þegar umferð ólíkra vegfarendahópa og útivistarfólks skarast við umferð hestamanna. Til stendur að kalla saman fulltrúa þessa hópa sem eru að skarast, þ.e.a.s. hjólríðamenn, hlaupara, gönguskíðafólk og aðra sem hlut eiga að máli og gera umferðarsáttmála um gagnkvæman skilning mismunandi hópa á þörfum hins. Þessir sáttmálar verði kynntir í hverjum hópi fyrir sig og svo sett af stað samfélagsmiðlaherferð í kjölfarið. Einnig er hugmynd um að gera myndband með Samgöngustofu þar sem m.a. er farið er yfir hvernig vegfarendur þurfa að bregðast við þegar hestur og knapi verða á vegi þeirra.

Menntakerfi LH

Menntanefnd LH, hefur sett fram skýringamynd á menntakerfi LH, þar sem útskýrt er t.d. hvaða menntun uppfyllir skilyrði FEIF til að vera á þjálfaralista FEIF (trainer level). Einnig hefur nefndin sett fram skilyrði til endurmenntunnar til þess að geta viðhaldið réttinum að

vera á þessum þjáfaralista. Auk þess hefur nefndin unnið að þjálfarastigum LH og hafa upplýsingar um þau ásamt menntakerfinu og upplýsingum um endurmenntun verið birt á heimasíðu LH <https://www.lhhestar.is/is/menntun>.

FEIF trainer	Þjálfarastig LH	Knapamerki	Háskólinn á Hólum Háskólanám Eldra nám	Félag tamningamanna
		Knapamerki 1		
		Knapamerki 2		
		Knapamerki 3		
	BS LH 1 (KnM3+ÍSí)			
		Knapamerki 4		
	BS LH 2 (KnM4+ÍSí)			
		Knapamerki 5		
Level 1	BS LH 3 (KnM4+ÍSí)		1.ár (60 ecst) "Bs í Reiðmennsku og reiðkennslu"	Leiðbeinandi Tamningapróf (<2005)
Level 2	BS LH 4 og 5		2.ár (120 ecst) "Bs í Reiðmennsku og reiðkennslu"	Tamninga maður Þjálfarapróf(<2000)
Level 3			3.ár (180 ecst) "Bs í reiðmennsku og reiðkennslu"	Reiðkennari C og Þjálfari Reiðkennari C og B (<2003)
Level 4				Meistari FT, Reiðkennari A

Þjálfarastig LH

Þjálfarastig LH eru nám þar sem hægt er að öðlast réttindi til þjálfunar í hestaíþróttum. Námið skiptist annarsvegar í almennan hluta sem ÍSí sér um og ber ábyrgð á og hinsvegar í sérgreinahluta sem LH ber ábyrgð á. LH er í samstarfi við Háskólann á Hólum sem ber ábyrgð á faglegu innihaldi námsefnis sem er sértækt fyrir íþróttagreinina. Námsefnið sem sérgreinahlutinn byggir á eru Knapamerkin. Þeir sem hafa hug að á öðlast þessi réttindi geta aflað sér upplýsinga á heimssíðu LH:

<https://www.lhhestar.is/is/menntun/thjalfarastig-lh>

Unnið er að kynningarefni á þeim möguleika að hestamannafélög geti sett saman námskeið í þessum tilgangi og geta þá fengið kennslu í ÍSí hlutanum inn í félagið ef hópurinn er nægilega stór.

Stefna íþróttahreyfingarinnar er að hafa á að skipa nægilega mörgum menntuðum og hæfum þjálfurum, til að tryggja öllum iðkendum þjálfun við hæfi. Kröfur almennings um innihald og gæði þess starfs sem unnið er í íþróttahreyfingunni fara vaxandi, ekki síst vegna þess að þar fer fram þýðingarmikið uppeldisstarf. Íþróttþjálfarar eru mikilvægir áhrifavaldar í lífi ungs fólks og því er brýnt að þeir afli sér menntunar.

Persónuverndarstefna

Starfsmenn LH hafa unnið vinnsluskrá og fyrir liggur úrbótaáætlun persónuverndarmála hjá LH. Stjórn LH samþykkti persónuverndarstefnu og er hún aðgengileg á vefsíðu LH.

Persónuverndarstefnu LH er ætlað að veita almenna fræðslu til einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga sem LH hefur með höndum sem ábyrgðaraðili.

<https://www.lhhestar.is/is/um-lh/personuverndarstefna-lh>

Gullmerki

Á landsþingum hefur tíðkast að veita gullmerki LH til þeirra sem hafa helgað sig félagsstörfum í þágu hestamennskunnar í gegnum tíðina, af því getur ekki orðið á landsþingi 2020 í ljósi aðstæðna.

Á dögnum var undirritaður samningur við Hestamannafélagið Skagfirðing um að halda landsmót 2026. Við sama tækifæri veitti formaður LH Ingimari Ingimarssyni frá Flugumýri gullmerki LH sem virðingar- og þakkarvott fyrir störf sín í þágu hestamennskunnar.

Bókhald

Bókari LH óskaði eftir að láta af störfum fyrir LH um áramót og í kjölfarið var bókhald tekið inn á skrifstofu. Verklagið er þannig að framkvæmdastjóri sér um bókhald og gjaldkeri samþykkir og greiðir reikninga.

Reikningar LH

Rekstur sambandsins hefur gengið vel síðustu ár og er fjárhagsleg staða sambandsins með ágætum. Þó er ljóst að miðað við núverandi tekjur og útgjöld er ekki mikið svigrúm til fjármögnunar á nýjum verkefnum sem óhjákvæmilega munu koma á borð sambandsins á næstu árum.

	Tekjur	Gjöld	Rekstrarhagnaður
2016	59.709.017	59.659.388	49.629
2017	67.436.552	57.495.941	9.940.611
2018	69.634.365	65.945.420	3.688.945
2019	96.516.940	93.997.208	2.519.732

Afkoma LH árin 2016-2019

Lokaorð

Það er ljóst að starfsemi LH er að styrkjast og aukast. Þar má helst þakka öllum þeim sem vinna fyrir sambandið í mismunandi verkefnum bæði beint fyrir sambandið og fyrir hestamannafélögin. Mjög gott samstarf hefur verið innan greinarinnar, bæði innanlands og erlendis, og er það okkur dýrmætt og ber að standa vörð um. Rekstur sambandsins gengur vel og áfram þarf að vinna í þá átt þar sem góður rekstur er undirstaða starfsins okkar. Jákvæðni, samvinna og dugnaður eru okkar drifhjól og verða vonandi áfram.

Stjórn Landssambands hestamannafélaga þakkar ánægjulegt samstarf hestamennskunni til framdráttar.

Fyrir hönd stjórnar LH,
Lárus Ástmar Hannesson formaður

